

Reykjavík 14. október 2022

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, [10. mál](#).

Landssamband smábátæigenda (LS) fagnar framkominni þingsályktun, að hærra hlutfall heildarafla verði tekið til félagslegra aðgerða, jafnframt að endurskoðuð verði skipting aflamagns innan kerfisins þar sem lögð verður áhersla á strandveiðar, línuviltun og byggðakvóta til dagróðrabáta.

Það er skoðun LS að taka þurfi sérstakt tillit til útgerða smábáta – einyrkja í útgerð – við útfærslu á þeim þremur hundraðshlutum sem bætast við þau 5,3% sem ætlað er til félagslegra aðgerða í dag. Framlag þeirra til hækkunar hlutdeildar hefjist þegar leyfilegur þorskaflí nær þrjú hundruð þúsund tonnum, hlutdeild haldist óbreytt þar til því marki er náð. Þá byrji þeir að láta aflahlutdeild frá sér sem verði að fullu náð þegar leyfilegur heildaraflí í þorski nær 330 þúsund tonnum. Framlag þeirra í öðrum tegundum verði með sama hætti, taki mið af leyfilegum heildarafla í þorski.

Reynslan af strandveiðum hefur verið afar góð á öllum sviðum sjávarútvegsins eða eins og eftirfarandi þættir segja til um.

- fjöldi sjómanna hefur fengið tækifæri á að hefja sjálfstæða útgerð
- allar hafnir landsins hafa aftur fengið það hlutverk sem þeim var ætlað
- stóraukið framboð þorsks og ufsa á fiskmörkuðum
- fjöldi þjónustuaðila í landi fengið störf
- sjávarbyggðir endurheimt fagurt mannlíf og stemningu sem fylgir útgerð smábáta.

Breyting var gerð á fyrirkomulagi strandveiða 2018 þar sem horfið var frá veiðikerfi sem deildi aflaviðmiðun niður á svæðin fjögur eftir mánuðum. Þess í stað var ákveðið að leyfilegur fjöldi daga í hverjum mánuði yrði tólf. Með því yrði öryggi sjómanna betur tryggt og meira jafnræðis innan kerfisins. Fyrstu tvö árin (2018 og 2019) dugði ætlað aflamagn til loka strandveiðitímabilsins.

Með vaxandi fiskgengd og fjölgun báta hefur hins vegar ætlað aflamagn ekki dugað. Þar með talið á síðasta sumri þegar veiðar voru stöðvaðar þegar vika var eftir af júlí. Við því

Þjuggust menn ekki þar sem 35 þúsund tonn af loðnu voru á skiptimarkaði Fiskistofu sem óskaði eftir þorski í skiptum. Ígildastuðull loðnu var 0,36 og þó ekki hefði fengist nema þriðjungur stuðulsins af þorski – 4.200 tonn - hefði það dugað til strandveiða út ágúst. Fiskistofa lokaði hins vegar tilboðsmarkaðinum á stuðlinum 0,037 sem gaf aðeins 1.087 tonn. LS gagnrýndi harðlega vinnubrögð stofunnar.

Margar ástæður eru fyrir fjölgun við strandveiðar. Þar má nefna atvinnuleysi sjómanna á skipum þar sem hagræðing hefur fengist með fækkun í áhöfn, kvótaskerðing, heimildir til leigu ekki falar sem leiðir til ótímabærra stöðvunar, auk breyttra lífshátta þjóðarinnar þar sem gerð er krafa um aukna nærveru foreldra á heimilinu.

Afar brýnt er að samhliða breytingum á lögum um stjórn fiskveiða sem þingsályktuninni er ætlað að ná, fylgi breytingartillaga sem fellir í burtu eftirfarandi ákvæði laganna:

„Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildaraflla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.“

Með breytingunni yrði 48 daga strandveiðikerfi tryggt.

LS hefur í nokkur ár beint því til stjórnvalda að auka vægi dagróðrabáta í veiðiheimildum sem eyrnamerkta eru ákveðnum byggðarlögum. Þær heimildir eru í sífellt meira mæli að skila sér til stærri skipa. Betur færi á að skili sér til dagróðrabáta og strandveiða.

Það kann að koma háttvirtri nefnd á óvart hvers vegna LS skuli leggja til að smábátaútgerðin skuli ekki taka þátt í framlaginu samtímis stórútgerðinni. Helsta ástæða þess liggur í að smábátæigendur ollu því ekki að félagslegum aðgerðum var komið á. Óumdeilt er að hagræðing stórútgerðarinnar hefur átt stærstan þátt í að aflaheimildir hinna dreifðu sjávarbyggða hurfu frá þeim. Af þeim sökum er eðlilegt að hluti hagræðingarinnar skili sér til baka. Skoðun LS er því sanngjörn að öllu leiti.

Virðingarfyllt


Arthur Bogason formaður


Örr Pálsson framkvæmdastjóri